

Fundur
Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík

Boðuð eru á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands) í fjarbúnaði, Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM) verður fjarverandi varamaður hans Sindri Leifsson boðaður og verður með í fjarbúnaði. Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM er fjarverandi og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Myndlistarsjóður: Fyrri úthlutun 2021. Matsnefndir hafa lokið störfum sínum og eru tillögur þeirra að úthlutun lagðar fram til samþykktar.

Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum (Dagný Heiðdal og Hannes Sigurðsson) kynna niðurstöður nefndanna og fara efnislega yfir þau verkefni sem mælst er til að hljóti styrk úr sjóðnum í fyrri úthlutun ársins.

Myndlistarráð úthlutar nú 40 milljónum í styrki til 87 verkefna í þessari fyrri úthlutun sjóðsins 2021. Umtalsverð aukning var á umsóknum eða 44% aukning á milli ára. Sjóðnum bárust 261 umsókn og sótt var um fyrir samtals 274.635.080 kr.

Flokkarnir hafa nú verið einfaldaðir, við síðustu úthlutun voru þeir fimm en eru nú aðeins þrír. Áætlaðar heildarupphæðir héldust að mestu og skiptust eftirfarandi. 58 verkefni í flokki sýningarverkefna, 22 verkefni í flokki aðrir styrkir og 7 verkefni í undirbúningsstyrkja. Samþykktar heildarupphæðir skiptast eftirfarandi:

Sýningarverkefni:	25.000.000 kr.
Aðrir styrkir:	12.300.000 kr.
Undirbúningsstyrkir:	2.700.000 kr.

Matsnefndir voru tvær, önnur fór yfir sýningarverkefni en hin fór yfir undirbúningsstyrki og aðra styrkir. Í báðum matsnefndum var áberandi aukning á umsóknum, þá aðalega í flokki, aðrir styrkir frá því árinu áður. Umsóknir sem innihéldu verkefni þvert á listgreinar voru áberandi, en verkefnin voru að öllu jafna fjölbreytt.

Í flokki sýningarverkefna voru margar umsóknir sem hlutu styrki á bilinu 300-600.000 kr. nokkrar umsóknir voru undir 300.000 kr. en það voru umsóknir sem ekki sóttu um hærri styrki.

Þrjú verkefni sem hljóta hæstu styrkina eru Gjörningaklúbburinn fyrir viðamikid sjón- og tónverk, listahátíðin Sequences X hlýtur 1.200.000 kr og Verksmiðjan á Hjalteyri fær 1.500.000 kr. fyrir sýningardagskrá 2021. Í flokki, aðrir styrkir, voru afar fjölbreytt verkefni og ólíkir miðlar, svo sem ljósmyndaverkefni, heimildar-kvikmyndlistarverk, þáttagerð um myndlist auk fjölbreyttra rannsókna, - sýningarverkefni sem og styrkir til hátíða og útgáfu. Hæsta styrkinn eða 1.000.000 kr. í flokki aðrir styrkir hlýtur Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson fyrir útgáfu bókar í tengslum við fyrirhugaða yfirlitssýningu þeirra í Gerðarsafni. Sex styrkir að upphæð 800.000 kr. eru veittir til bókaútgáfu og svo sjö undirbúningsstyrkir á bilinu 300-600.000 kr.

Rætt var um mögulegar ástæður á þessum aukna fjölda umsókna og aukið álag á matsnefndarstörf vegna þessa. Einnig var fjallað um hvernig matsnefndir höfðu í huga dreifingu á búsetu, aldur og kyn við mat á umsóknum. Gott væri að bæta við í umsóknarformið fleiri spurninga til að greina enn frekar stöðuna á sviðinu svo hægt verði að rýna í hana til gagns.

Myndlistarráð samþykkir niðurstöður matsnefnda. Svarbréf og fréttatilkynning verða send út á næstu dögum.

2. Afhending styrkja.

Ekki gafst tími til að ræða þennan lið og færist hann því yfir á næsta fund.

3. Erindi Guðrúnar Erlu Geirsdóttir, fulltrúi SÍM, varðandi tillögu til umræðu um að fjölga viðurkenningum myndlistarráðs á íslensku myndlistarverðlaununum.

Ekki gafst tími til að ræða þennan lið og færist hann því yfir á næsta fund.

4. Önnur mál

Enginn.

Fundi slitið kl. 10:15.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 14. apríl kl. 8:30.